

**Nd.**

## **573. Breytingartillögur**

við frv. til laga um byggingu gistihúss í Reykjavík.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:  
Ríkisstjórninni heimilast að verja úr ríkissjóði allt að 10 — tíu — milljón-um króna til gistihúsbygginga á landinu í samræmi við nánari fyrirmæli þessara laga. Fé þetta er ríkissjóði heimilt að taka að láni.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
Nefnd fimm manna, kosin hlutfallskosningum í sameinuðu Alþingi, skal gera tillögur um staðsetningu og byggingu þessara gistihúsa og um fyrirkomulag á rekstri þeirra svo og um aðra starfsemi með tilliti til væntanlegs ferðamannastraums til landsins.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:  
Tillögur nefndarinnar um byggingu gistihúsa og fyrirkomulag gistihúsa-rekstrar í landinu skal birta strax, er þær hafa hlotið samþykki ríkisstjórnar, og skal opinberlega gefa einstaklingum, félögum og stofnunum kost á að byggja samkvæmt þeim tillögum  
Nú fást slíkir aðilar ekki til þessa, og heimilast þá ríkisstjórninni að gangast fyrir stofnun hlutafélags eða hlutafélaga með öðrum aðilum til þess að reisa og reka gistihús samkvæmt tillögum þessum og að leggja framlag ríkisins samkv. 1. gr. fram sem hlutafé, þó ekki meira en þriðjung heildarupphæðar hlutafjárins í félaginu eða félögunum.  
Þó heimilast ríkisstjórninni að reisa ríkisgistihús á Þingvöllum, er verði eign ríkisins.
4. Við 4. gr. Fyrsti málslíður orðist svo:  
Verði gistihús þau, er hér um ræðir, reist og rekin af hlutafélagi eða hlutafélögum, skulu ákvæði hlutafjárlaga, nr. 77/1921, um stofnendur og takmörkun á atkvæðisrétti ekki gilda um þau hlutafélög.
5. Við 5. gr. Í stað orðanna „undir gistihúsið og því til afnota“ komi: undir gistihús þau, er hér um ræðir, og til afnota þeirra.
6. Fyrirsögn frv. skal orða svo:  
Frv. til laga um byggingu gistihúsa.